

1865. leyti hlýtur að vera reikningastjórnardeildinni samdóma í því,
28. des. sem hún hefir sagt um þetta málefni.

30. des. **101. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um leyfisbréf¹ fyrir enskt félag til að leggja og nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturálfu til Bretlands hins mikla og þaðan til Danmerkur.**

Eins og þér munuð sjá af bréfi fjárstjórnarinnar, því er fylgir í eptirriti með bréfi þessu, hefir hans hátign konunginum

¹⁾ Leyfisbréfið er þannig hljóðandi:

Leyfisbréf handa þeim James Wyld, þingmanni á Bretlandi, David Ward Chapman, Lewis Borrit West, F. F. Jeyes og James John Cooper Wyld, til þess að leggja og nota rafsegulþráð á sjávarbotni millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs, og annan rafsegulþráð frá Bretlandi hinu mikla eða Írlandi eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi til norðurhluta Vesturálfu.

Vér Kristján hinn Niundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: að Vér eptir ósk og beiðni til Vor, og ásigkomulagi því, er Oss hefir verið skýrt frá, höfum allramildilegast lofað og leyft, og lofum og leyfum með bréfi þessu þeim James Wyld, þingmanni í brezka parlamentinu, David Ward Chapman, Lewis Borrit West, F. F. Jeyes og James John Cooper Wyld að leggja og nota rafsegulþráð á sjávarbotni millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs og annan rafsegulþráð frá Bretlandi hinu mikla eða Írlandi eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi til norðurhluta Vesturálfu, með þeim kjörum og kostum, er hér segir:

1. Með bréfi þessu leyfum Vér þeim James Wyld, þingmanni í brezka parlamentinu, David Ward Chapman, Lewis Borrit West, F. F. Jeyes og James John Cooper Wyld, að því leyti sem Danaveldi nær til, þó að undanteknum nýlendum Danmerkur í Vestur-eyjum, að leggja á eigin kostnað og með eigin ábyrgð rafsegulþráð á sjávarbotni millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs, og annan rafsegulþráð frá Bretlandi hinu mikla eða Írlandi eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi til norðurhluta Vesturálfu.

Að leggja megi rafsegulþráðinn millum Danmerkur og Noregs

þóknast — eptir að hið konunglega leyfisbréf, sem Tal. P. Shaffner, ofursta, frá Kentucky var veitt 16. ágústmán. 1854¹ til þess að leggja og nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vestur-

1865.
30. des.

er þó komið undir því, hvort stjórnin í Danmörku fær samþykki stjórnarinnar í Noregi til þess.

Með því að leyfisbréf þetta er því til fyrirstöðu, að lagður sé neinn annar rafsegulþráður heina leið millum Danmerkur og Bretlands hins mikla og Írlands, skulu eigendur þess skyldir að tengja þenna hluta rafsegulþráðarins við rafsegulþráðina á Englandi og annast um, að ávallt séu svo margir þættirí honum, að sendar verði með honum tafarlaust ekki einasta allar þær fregnir og skilaboð, sem eiga að fara millum Danmerkur og norðurhluta Vesturálfu, heldur einnig þær fregnir, sem eiga að fara millum Danmerkur og Bretlands hins mikla og Írlands, og enn fremur þær, sem eiga að fara til Danmerkur og þaðan lengra áleiðis. Um allt þetta skulu eigendur leyfisbréfsins hlíta ákvörðunum stjórnarinnar í Danmörku. Einnig eiga þeir að annast um, að ávallt séu nógu margir þættir í þræði þeim, er lagður verður millum Danmerkur og Noregs.

Stjórnin í Danmörku áskilur sér að ákveða, hvar þræðir þeir, er lagðir verða hédan til Englands og Noregs, skuli lagðir á land í Danmörku.

2. Land það, bæði af eignum konungs og einstakra jarðeigenda, er þarf til að leggja rafsegulþráðinn eptir, á Grænlandi, Íslandi og Færeyjum, mega eigendur leyfisbréfsins eiga von á að fá, með þeim kostum, er seinna skulu til teknir.

3. Eigendur leyfisbréfs þessa lofa að ljúka fyrirtæki þessu svo skjótt sem unnt er, og gefst þeim eins árs frestur frá því að leyfisbréf þetta er dagsett, til að koma á sambandinu millum Englands og Danmerkur og millum Danmerkur og Noregs, og þriggja ára frestur til að ljúka hinum hlutanum fyrirtækisins.

Sé ekki búið að leggja þráðinn og hann kominn í gagn innan þess tíma, sem nú var til tekinn, þá skal hinni dönsku stjórn heimilt að taka aptur leyfisbréf þetta, og skal stjórnin ekki á neinn hátt vera skyld að bæta eigendunum skaða þeirra.

Fari samt sem áður svo, að það dvelist með að leggja þráðinn millum Bretlands hins mikla eða Írlands og norðurhluta Vesturálfu, sökum einhverra sjaldgæfra kringumstæðna, sem eigendunum ekki var unnt að afstýra, t. a. m. viðburða í náttúrunni, óhappa eða þesskonar, skal þeim, ef þeir færa sönnur á það fyrir stjórn-

¹) Sambr. Tiðindi um stjórnarmálefni Íslands I, 13.

1865.
30. des.

álfa til Danmerkur, er gengið úr gildi 16. ágústmán. f. á. -- samkvæmt þegnlegum uppástungum fjárstjórnarinnar 17. f. m. allramildilegast að veita þeim James Wyld, þingmanni á Stóra-

inni, veittur í viðbót að minnsta kosti árs frestur til þess að ljúka þessum hluta fyrirtækisins.

4. Þegar þráðurinn er búinn eða nokkuð af honum, skal eigendunum heimilt að nota hann til að flytja fregnir frá öllum þjóðum og til allra þjóða, séu fregnirnar ekki þess efnis, að þær séu hættulegar fyrir Danaríki eður almennings heill, og mun danska stjórnin á allar lundir, er hún getur, láta sér vera annt um að stuðla til þess, að þráðurinn verði notaður án allrar tálmunar.

5. Ef að þráðurinn slitnar, eptir að búið er að leggja hann, skal veittur þriggja mánaða frestur til að koma þeim hluta hans í samt lag, sem er millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs, en tveggja ára frestur til að lagfæra hinn þráðinn.

6. Það er vitaskuld, að eigendur rafsegulþráðs þessa, fulltrúar þeirra og undirmenn skulu hlýða lögum ríkisins, að því leyti sem þráðurinn nær um lönd og höf í Danaveldi; og skulu þeir í hvívetna hlýða dómum og ákvörðunum yfirvalda, sem gjört er eptir þeim lögum, eins og þeir væru þegnar Danakonungs án neinnar undantekningar og án þess að nein réttindi til að vera óháður dómstólunum í landinu komi til greina.

7. Danska stjórnin áskilur sér rétt á að ákveða, hverja borgun megi taka hæsta undir fregnir millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs, þó skal áskilið samþykki norsku stjórnarinnar að því er snertir fregnir millum Danmerkur og Noregs.

8. Danska stjórnin áskilur sér rétt til þess að senda ríkisskilaboð ókeypis eptir þræði þessum allt að 300 orða á mánuði, eða að mega senda slík skilaboð fyrir helmingi minna verð en almennt er heimtáð, ef hún kys þáð heldur; skulu slík skilaboð ávallt vera í fyrirrúmi fyrir fréttum frá einstökum mönnum.

9. Til þess að bæta eigendum leyfisbréfsins kostnað þann, er þarf til að leggja rafsegulþráð þenna, skal leyfi það, sem þeim er veitt með bréfi þessu til að leggja og nota rafsegulþráð millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs, gilda um 30 ár frá því að leyfisbréf þetta er dagsett, og skal engum öðrum gefinn kostur á að hafa þesskonar fyrirtæki fyrir stafni í löndum Danakonungs, allt með því skilyrði, að hin önnur ríki í Norðurlálfunni og Vesturlálfunni, er þráðurinn snertir lönd þeirra, veiti hið sama.

Bretlandi, David Ward Chapman, Lewis Borrit West, F. F. Jeyes og James John Cooper Wyld, konunglegt leyfisbréf til þess að leggja og nota rafsegulþráð á sjávarbotni millum Danmerkur

1865.
30. des.

Að því er snertir hinn rafsegulþráðinn, skal þeim veitt sama einkaleyfi um 50 ára tíma frá því að leyfisbréfið er dagsett.

Þegar þessi 30 og 50 ára tími er liðinn áskilur danska stjórnin sér rétt til að veita nýtt leyfisbréf hverjum sem hún vill, og með þeim kostum sem hún þá ákveður, þó skal sá eða þeir, sem þá eru eigendur þessa leyfisbréfs, ganga fyrir, ef þeir vilja ganga að kostum þeim, er danska stjórnin setur. Ef að öðrum en þeim, sem þá eru eigendur þessa leyfisbréfs, verður samkvæmt þessu veitt nýtt leyfisbréf, skal hinum síðar nefndu heimilt að nota rafsegulþráðinn framvegis, með þeim kostum, sem til teknir eru í þessu leyfisbréfi, og skulu að engu skert eignarréttindi þeirra til þess sem þeir hafa sett á stofn, eða lands þess, sem þeir hafa eignast.

10. Þau 5000 pund sterling, sem eigendur leyfisbréfs þessa hafa galdið í ríkissjóðinn danska í peningum til ábyrgðar fyrir því, að fyrirtæki þetta gangi skjótt, skulu gordin þeim aptur, ef að þráðurinn millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs er búinn áður en frestur sá er á enda, sem til tekinn er í 3. grein.

Ef að þráðurinn millum Bretlands hins mikla eða Írlands og norðurhluta Vesturálfu ekki er búinn áður en ár er liðið frá því að leyfisbréf þetta er dagsett, þá skulu eigendur þess setja 10,000 pund sterling til ábyrgðar fyrir því, að þráður þessi sé búinn á réttum tíma eftir því sem ákveðið er í 3. grein, annaðhvort með því að borga þau í peningum í danska ríkissjóðinn eða með vði í þræðinum millum Danmerkur og Englands og millum Danmerkur og Noregs, og skal vði þessu skilað aptur þannig, að fê það er borgað hefir verið í peningum sé borgað aptur eða vedsetningarbréfið, er gefið hefir verið fyrir fênu, sé selt af höndum, ef að þessi þráður er búinn á réttum tíma.

Sêu þræðir þessir ekki búnir áður en frestur sá, sem veittur er samkvæmt 3. grein, er á enda, þá skal hinn danski ríkissjóður eignast fê það, er getið hefir verið um, án þess að eigendur leyfisbréfsins geti krafizt neinna skaðabóta útaf því.

11. Eigendur leyfisbréfs þessa skulu ávallt hafa fulltrúa í höfuð- og aðseturstað Vorum Kaupmannahöfn, er danska stjórnin geti snúið sér til í öllum málefnum, er snerta fyrirtæki þetta og notkun þess, og sem geti í hverju sem er komið fram af hendi eigendanna gagnvart dönsku stjórninni, og skuldbundið sig gagnvart henni eins fyllilega og væru það eigendurnir sjálfir.

1865.
30. des.

og Englands, og millum Danmerkur og Noregs, og annan rafsegulþráð frá Bretlandi hinu miklu eða Írlandi eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi til norðurluta Vesturálfa.

Um leið og yður er tilkynnt þetta, herra (tit.), er yður hërmeð sent eitt exemplar af áðurgreindu konunglegu leyfisbréfi yður til leiðbeiningar.

102. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar frá 1853.

Með því að svo er fyrir skipað í 1. grein tilskipunar þeirrar, er út er komin 15. þ. m., og nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllum á Íslandi, að brauðamatsgjörð sú, er allramildilegast var staðfest sama dag, en samín árið 1853, skuli endurskoðuð fimtánda hvert ár, eruð þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, beðnir að gjöra ráðstafanir þær, er með þarf, til þess að endurskoðun þessi geti farið fram fyrir lok ársins 1868.

Í hvert skipti er þurfa þykir að skýra orð og efni leyfisbréfs þessa, skal, ef eigendurnir æskja þess, stjórnarráð það, er hlut á að máli, leggja það mál fyrir Oss í ríkis-leyndarráði.

12. Eigendunum skal heimilt að láta af höndum leyfi þetta til hvers sem vera skal, hvort það er félag eða einstakur maður, með sömu réttindum og sömu skyldum, sem þeir hafa sjálfir. Þó skal það undir eins kunngjört hinni dönsku stjórn, ef það er látið af hendi, og skal sá eða þeir, sem standa fyrir fyrirtæki þessu, bæði á meðan verið er að starfa að því og eptir að því er lokið, vera skyldir, eptir hæfilegan tíma til undirbúnings, að skýra hinni dönsku stjórn frá hverju því, er hana varðar og snertir fyrirtækið.

Bönnum Vör öllum og sérhverjum að standa móti því, sem ritað er hér að framan, eða tálma því á nokkurn hátt, ella fyrirgjöri hylli Vorri og mildi.

Gefið á Amaliuhöll 17. dag nóvembermán. 1865.